Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

20. tbl. Þriðjudagurinn 16. maí 1978 verð kr. 100.-

Hverju ræður Alþingi?

Alþýðubandalagsforystan leggur nú eins og ávallt fyrir kosningar ofuráherslu á, að telja fólki trú um að Alþingi sé æðsta valdastofnun þjóðarinnar. En er því svo farið? Hverjir standa að baki þeim lögum sem samþykkt eru þar og hverjir sjá um framfylgd þeirra? Við skulum taka nokkur dæmi um lög sem Alþingi hefur samþykkt, bæði á tíma vinstri stjórna og hægri og athuga afleiðingar þeirra. Þegar kvennaverkfallið fræga átti sér stað, vöknuðu konur til meðvitundar um að berjast þyrfti gegn þeirri tvöföldu kúgun sem þær eru beittar í atvinnulífinu, barnauppeldi og heimilisstörfum. Blekkingameistarar úr öllum flokkum er sitja á Alþingi létu þá samþykkja jafnréttislög sem út af fyrir sig eru ágæt á pappírnum, og stofnsetja jafnréttisráð er launaðir fulltrúar allra stjórnmálaflokka sitja í. En hver hefur árangurinn orðið? Í atvinnulífinu eru konur nær undantekningarlaust í lægstu launaflokkunum, miðað við karla er vinna sömu störf. Mest er það sjálfsögðu óréttlætið sem verkakonur eru beittar, því þær eru ávallt í einhæfustu störfunum og þeim verst borguðu. Þrátt fyrir að margar verkakonur vinni svipuð eða alveg samskonar störf og verkamenn eru þær látnar gjalda kynsins gróflega í kaupi. Þó eru þar einhverjar undantekningar á, en það sem skiptir þó meira máli er, að þrátt fyrir fallegar pappírs ályktanir Alþingis um jafnréttismál eru það atvinnurekendurnir sem sjá um framfylgd laganna eða öllu heldur að framfylgja þeim ekki í atvinnulífinu. Lög eins og jafnréttislögin sem falla arðræningjunum ekki í geð og kæmu við pyngju þeirra ef eftir þeim væri farið eru einfaldlega brotin af þeim. Það er sama hvað Alþingi samþykkir um þessi mál, jafnrétti karla og kvenna til þátttöku í atvinnulífinu og jafnra starfa og launa

Framhald á baksíðu



Landið sem síonistar vildu eignast var ekki "land án þjóðar" eins og þeir sögðu. Palestínska þjóðin, en hér sjást fulltrúar hennar, börn sem lifðu af í Tal-al Zaatar, berst nú ákveðnari en nokkru sinni fyrr fyrir að komast til heimkynna sinna í Palestínu.

Árangurinn af 1. maí

Í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar var því lofað að birta grein sem drægi saman niðurstöður af árangri starfsins fyrir og á 1. maí.

1. maí 1978 mun um margt þykja marka tímamót, því þá náðist í fyrsta sinn í lengri tíma eining meðal þeirra afla sem staðið hafa í andstöðu við þá stéttasamvinnu sem um áratugi hefur verið rekin innan verkalýðshreyfingarinnar.

Hvað olli því að eining varð möguleg nú? Til þess að svara því verðum við að líta á sögulegt samhengi og núverandi aðstæður.

Stéttasamvinnustefnan hefur afhjúpast æ meir innan verkalýðshreyfingarinnar og fólk er orðið langþreytt á stöðugum undanslætti og svikum. Samtímis aukast árásir atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra á kjör og réttindi verkalýðsins. Verkafólk er að missa trúna á forystu sína, sem snýr sérhverri baráttuaðferð upp í sýndarleik og verkföllin virðast til þess eins að þreyta

Framhald á síðu 3



Ísraelsríki 30 ára:
Saga kúgunar og útþenslustefnu

Fyrir 30 árum síðan, eða 14. maí 1948, var Ísraelsríki stofnað. Með því hafði hinn pólitíski síonismi, sem settur hafði verið fram af Theodor Herzel í bókinni Gyðingaríkið fimmtíu árum áður, náð markmiði sínu. Gyðingar um heim allan tóku fréttinni um stofnun gyðingaríkisins með eftirvæntingu og von. Síonistar settu fram slagorðið "land án þjóðar fyrir þjóð án lands". Loksins áttu gyðingar sem orðið höfðu að lifa hryllilegar hörmungar undir veldi nasista að eignast fríríki.

Landið án þjóðar.

Þeim gyðingum sem fluttust til Ísrael var lofað fríríki friðar og öryggis, mannlausu landi þar sem gyðingar gætu byggt upp samfélag í ró og næði. En raunveruleikinn sem mætti þessu fólki þegar til landsins helga kom var annar. Fjöldi þessa fólks vildi snúa aftur, en sú leið var þeim lokuð og ekkert annað að gera en setjast að í Palestínu.

"Landið án þjóðar" var Palestína og "þjóðin án lands" var gyðinga "þjóðin". En

Framhald á síðu 2

Í blaðinu

Framboðslisti Kommúnistaflokksins bls. 2

LEIÐARI

Bæja- og sveitastjórnakosningar

Nú líður að bæjar- og sveitastjórnarkosningum um land allt. Þessar kosningar hafa víða fallið í skugga fyrir alþingiskosningunum, ekki síst eftir að þær bar upp á sama vorið. Línur milli flokka eru ekki jafn skarpar í sveitastjórnarkosningum og við alþingiskosningar og oft er ekki um flokksframboð að ræða í smærri hreppum. Eitt er þó þessum kosningum sameiginlegt, að þar eru flestir í framboði til að ota sínum tota og koma hagsmunum sínum vel fyrir. Atvinnurekendur og fulltrúar þeirra í bæjarstjórnum og á Alþingi, eru að seilast í opinbera sjóði til að fjármagna eigin atvinnurekstur eða búa betur í haginn fyrir hann. Hver kannast ekki við, þegar bæjarfélagið er að malbika planið fyrir framan frystihús kapítalistans eða að lána fyrir bátnum hans ? Og hverra hagsmuna er gætt þegar lögum er beitt til að rifta samningum og skerða kjör launafólks ?

Í borgarstjórn Reykjavíkur er Sjálfstæðisflokkurinn einráður og ráðskast með stjórn borgarinnar eins og sitt einkafyrirtæki. Embættisveitingar miðast ekki við að fá hæfa menn til að sinna hagsmunum borgarbúa, heldur að veita flokksgæðingum Sjálfstæðisflokksins vellaunaðan bittling. Það er varla til sá framagosi í Heimdalli að hann sitji ekki í einhverri nefnd á vegum borgarinnar, eða hafi annað starf þar. Um dagvistunarmál er þar aðeins hugsað, þegar atvinnurekendur vantar vinnuafl kvennanna. Að málefnum aldraðra og öryrkja er lítið starfað, því atvinnurekendur telja vinnuafl þeirra ekki arðvænlegt. Þegar verkfræðingarnir eru ekki að skipuleggja græna bletti á kosningabæklinga, eru þeir að teikna sem breiðasta hraðbrautir svo verkafólk komist á sem skemmstum tíma úr svefnhverfum borgarinnar og til vinnu sinnar. Í miðbænum er þröngt orðið um og lítil umsvif til stórframkvæmda, nema eyðileggja hann algjörlega í núverandi mynd. En gömlu íhaldsfjölskyldurnar eru búnar að fjárfesta í lóðum og fasteignum í miðbænum - og hvað verður um auð þeirra ef sú þróun heldur áfram , að byggja þar sem athafnasvæðið er, upp með Suðurlandsbraut og Kringlumýri ?

Alþýðubandalagið hefur lítið komist að kjötkötlum borgarinnar, þar sem íhaldið er einrátt. Því hafa framapotarar þess haslað sér völl á Alþingi. Áhugi Alþýðubandalagsins fyrir hagsmunum borgarbúa hefur ekki komið fram í starfi og þeirra hefur vægast sagt lítið gætt í hagsmunasamtökum borgarbúa. Ekki er það burðugra þar sem Alþýðubandalagið er í stjórn eins og t.d. á Neskaupsstað, eða hví skyldu þar ekki vera greiddar fullar vísitölubætur á laun ?

Kommúnistaflokkur Íslands m-l er ungur flokkur og hefur tekið þá afstöðu að bjóða ekki fram í bæjar- og sveitastjórnarkosningunum sem í hönd fara, en einbeita starfi sínu að framboði til Alþingiskosninganna. Það þýðir þó ekki að við skorum á félaga okkar og stuðningsmenn að skila alls staðar auðu, því aðstæður eru mjög misjafnar. Við treystum fólki til að vega og meta hvort valkost sé að finna og kjósa þá gegn auðvaldinu.

Árangurinn af 1.maí

Framhald af síðu 3

hafa tekið afstöðu með byltingarsinnum og virkja verulegan fjölda verkafólks og andheimsvaldasinna til baráttunnar. Það er málefnið - baráttan gegn auðvaldinu- sem taka á afstöðu til en fólki á ekki að finnast að það sé endilega að taka afstöðu með Kommúnistaflokknum, Fylkingunni eða öðrum, þegar það tekur þátt í baráttuaðgerðum næsta 1.maí eða hvenær sem það heyr baráttuna.

Sjálfsagt er að fleiri samtök taki þátt í baráttuaðgerðunum og er þar átt við t.d. stuðningssamtök við frelsishreyfingar úti í heimi, hagsmunasamtök alþýðunnar svo sem í húsnæðis-og dagvistunarmálum og auðvitað stærstu andheimsvaldasinnuðu samtökin hérlendis, Samtök herstöðvaandstæðinga.

Ekki má líta á andheimsvaldabaráttuna sem einhverja einkabaráttu menntamanna af því þeir geti ekki starfað innan verkalýðsfélaganna.

Heimsvaldastefnan er birtingarmynd auðvaldsins og herinn og NATO baráttutæki þess. Því hlýtur verkalýðsbaráttan óhjákvæmilega að tengjast þessari baráttu.
EFLUM SAMSTÖÐU ALÞÝÐUNNAR - GEGN AUÐVALDI - STÉTT GEGN STÉTT.

Framboðslisti Kommúnistaflokksins

Kommúnistaflokkur Íslands marxistarnir - lenínistarnir hefur skipað framboðslista sinn til Alþingiskosninganna 25.júní 1978 í Reykjavík.

Listinn er skipaður fólki úr alþýðustétt, meirihlutinn er verkafólk og jafnrétti kynja í heiðri haft. Framboð Kommúnistaflokksins er í eðli sínu andstætt öllum öðrum framboðum sem í kjöri eru, sakir sinnar baráttusinnuðu afstöðu.

Kommúnistaflokkurinn hefur engra annarra hagsmuna að gæta en hagsmuna verkalýðsins og hann ætlar að taka þátt í þingræðisbaráttunni með það að leiðarljósi. Íslenskur verkalýður hefur ekki um áratugaskeið átt sér kommúnískan málsvara inn á Alþingi.

1. Gunnar Andrésson, rafvirki.
2. Sigurður Jón Ólafsson, iðnverkamaður.
3. Benedikt Kristjánsson, verkamaður.
4. Margrét Einarsdóttir, kennari.
5. Kristján Guðlaugsson, kennari.
6. Jónína H. Óskarsdóttir, verkakona.
7. Soffía Sigurðardóttir, starfsmaður.
8. Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, verkakona.
9. Ástvaldur Ástvaldsson, rafvirki.
10. Sigurður Ingi Andrésson, véltæknifræðingur.
11. Skúli Waldorff, kennari.
12. Sigurður Einarsson, sjómaður.
13. Eiríkur Brynjólfsson, kennari.
14. Norma E. Samúelsdóttir, skrifstofumaður.
15. Konráð Breiðfjörð Pálmason, iðnnemi.
16. Nanna Arthúrsdóttir, verkakona.
17. Guðrún Ægisdóttir, saumakona.
18. Björgvin Leifsson, nemi.
19. Steinunn Torfadóttir, kennari.
20. Halldóra Gísladóttir, húsmóðir.
21. Margrét Jóhannsdóttir, skrifstofumaður.
22. Ingibjörg Einarsdóttir, hjúkrunarfræðinemi.
23. Guðni Guðnason, lögfræðingur.
24. Björn Grímsson, vistmaður.

Ísraelsríki 30 ára:

Saga kúgunar og útþenslustefnu

Framhald af forsíðu

"landið án þjóðar" var ekki autt land, þar bjuggu hundruðir þúsunda Palestínu araba. Einnig bjó í landinu örlítill minnihluti gyðinga sem voru afkomendur fólks sem aldrei hafði yfirgefið hið forna Ísrael. Áróður síonistaleiðtoganna um "landið án þjóðar" var meðvitaður lygaáróður til að villa um fyrir gyðingum sem verið var að fá til að flytja til hins fyrirheitna lands og einnig til að blekkja almenningsálitið í heiminum. Síonistaleiðtogarnir höfðu sjálfir, með heimsókn til Palestínu, fullvissað sig um að landið var langt frá því að vera autt.

Þetta var landbúnaðarland sem í bjó arabísk þjóð með mörg þúsund ára búsetu í landinu.

En guðfaðir síonismans Theodor Herzel hafði útskýrt hvernig landið ætti að verða "án þjóðar": "Við skulum lokka hina fátæku íbúa til að fara yfir landamærin með því að finna vinnu handa þeim í nágrannalöndunum og með því að neita þeim um vinnu í okkar (!) landi".

Þetta lýsir vel afstöðu síonistanna til palestínumanna allt frá Herzel til okkar daga.

Frá sjónarhóli síonismans með það markmið að stofna hreint gyðingaríki í Palestínu, fannst ekkert rúm fyrir hina upprunalegu þjóð í landinu, þeirri þjóð bauðst ekkert annað en "að fara yfir landamærin".

Hundruðir þúsunda palestínumanna voru hraktar burt úr landi sínu. En þetta fólk hvarf ekki af yfirborði jarðar eða rann saman við hinar arabísku þjóðirnar eins og síonistarnir höfðu óskað sér.

Þvert á móti óx þjóðleg meðvitund þess. Og þegar það hóf að berjast fyrir þjóðlegum tilverurétti sínum og réttinum til að snúa aftur til heimalands síns, fékk það stuðning annarra arabaþjóða, sem höfðu einnig orðið fyrir áreitni og árásum af hendi Ísrael.

Lýðræðisleg Palestína er lausnin.

30 árum eftir stofnun Ísraelsríkis eru allar vonirnar sem gyðingar og evrópubúar bundu við stofnun þess ekkert annað en hörmulegar rústir af skýjaborgum sem aldrei áttu sér neina stoð í veruleikanum.

Draumur hinna stríðshrjáðu gyðinga í Evrópu, sem látið höfðu ginnast af áróðri síonista hefur nú breyst í hryllilega martröð.

Saga Ísrael er saga kúgunar og kynþáttastefnu, saga útþenslu-og drottnunarstefnu, blóði drifin saga leppríkis vestrænnar heimsvaldastefnu.

Í dag er Ísraelsríki stjórnað af öfgasinnuðum hægrimönnum og leiðtogi þeirra er Menachem Begin sem varð frægur sem miskunnarlaus fjöldamorðingi og yfirlýstur fasisti er hann stjórnaði illræmdum hermdarverkasveitum sem höfðu það markmið að hrekja palestínumenn frá heimkynnum sínum á stofndögum gyðingaríkisins. Þessi maður er svo frægur af illvirkjum sínum að hann var á tímabili eftirlýstur morðingi af ísraelskum yfirvöldum og fyrrverandi forsætisráðherra Ísrael, Ben-Gurion, líkti honum á sínum tíma við Hitler.

Í dag rísa æ fleiri gyðingar upp til að mótmæla sívaxandi útþenslustefnu Begin-stjórnarinnar. Fjöldi manna í Ísrael hefur krafist þess að öllum áformum um landnám á vesturbakkanum og í Sínaí verði hætt og að ísraelski herinn verði kallaður heim frá Suður-Líbanon. Gyðingar eru að sjá það betur og betur að síonisminn kallar aðeins auknar hörmungar yfir gyðinga, síonismi og gyðingdómur samrýmast ekki.

Í áróðri sínum hafa gyðingar löngum reynt að útmála palestínumenn og samtök þeirra PLO sem glæpahyski er ætti sér engan draum fegurri en að útrýma gyðingum af jarðarkringlunni. En gyðingar eru í síauknum mæli farnir að sjá í gegnum þennan falska lygaáróður og í dag hefur stefna PLO, um að lausnin á palestínumálinu sé stofnun lýðræðisríkis gyðinga og araba í Palestínu, sívaxandi fylgi að fagna meðal gyðinga.

Á 30 ára afmæli Ísrael blasa við gyðingum tveir möguleikar er þeir taka ákvörðun um framtíð sína. Annar möguleikinn er áframhaldandi þjónusta við heimsvaldastefnuna undir leiðsögn síonistanna, áframhaldandi stríð og öryggisleysi. Hinn möguleikinn er að snúast á sveif með palestínumönnum gegn síonismanum og heimsvaldastefnunni, taka þátt í baráttunni fyrir lýðræðisríki Palestínu, þar sem allir menn án tillits til trúarbragða og litarháttar geta búið saman í friði og bróðurlyndi.

Lifi frjáls Palestína!

Framhald af baksíðu

in í því að allir eigi að leggjast á eitt um að styðja þá og efla þeirra völd og hag.

Sú samstaða sem Kommúnistaflokkurinn berst fyrir er fólgin í einingu verkalýðsins á stéttargrundvelli, fjöldinn samstæður og virkur sem eitt afl ætlað til að mola þjóðskipulag arðráns og kúgunar.

Framhald af síðu 4

Breski kommúnistaflokkurinn hefur boðið Tom Robinson Band að koma þar fram ásamt tveim öðrum enskum hljómsveitum, Henry Cow og Mike Westbrook. Melody Maker frétti af þessu boði og skýrði frá því í stórri uppblásinni frétt á forsíðu. Þó hefur Tom Robinson ekki þegið boðið ennþá. Melody Maker er ekki að blása upp svona frétt að gamni sínu, heldur er þetta gert vegna sölunnar. Jafnframt keppast þessi íhaldssömu blöð um að birta viðtöl við vinstri sinnað tónlistarfólk. Þau vita sem er að breskir unglingar vilja lesa slík viðtöl. Og hvað er ekki gert fyrir söluna. Við munum hvernig dagblaðið Vísir "opnaðist" þegar það lenti í sölusamkeppni við Dagblaðið. Þetta eðli kapitalismans. Kapitalistarnir hika ekki við að selja kommúnisma ef þeir halda að þeir geti grætt peninga á því.

Framhald af forsíðu

Árangurinn af 1.maí

verkafólkið meðan atvinnurekendur fá þær undanþágur sem þeir þurfa. Mikill fjöldi launafólks vill nýjar stjórnir í stéttarfélögunum og nýjar og harðar bardagaaðferðir.

Hljómgrunnur fyrir fjöldaaðgerð gegn stéttasamvinnustefnunni hefur aldrei verið meiri en einmitt nú. Og það er einmitt þetta tvennt, afhjúpun stéttasamvinnustefnunnar og árásir auðvaldsins, sem veldur því að nauðsynlegt var á 1. maí s.l. að blása í herlúðra gegn auðvaldinu og undanslætti við það.

Það var ekki nóg að þjóðfélagslegar aðstæður krefðust ættu ekki að standa í vegi fyrir mikilvægi meginbaráttumálanna.

Á forsíðu 1. maí blaðs Neista var greinarkorn nokkurt sem skýrði ástæðu samfylkingarinnar sem svo að Kommúnistaflokkurinn hefði ekki bolmagn til að standa fyrir eigin aðgerðum og væri því að klóra í bakkann með samstarfi við Fylkinguna og Rauðsokkahreyfinguna. Fylkingin metur þarna út frá sjálfri sér og á erfitt með að skilja að það skuli vera stefna Kommúnistaflokksins að samfylkja öllum þeim sem hægt er að samfylkja gegn höfuðóvininum, í stað ekki er ljóst hverjum þeir ætla að lifa á því kaupi (Baráttueining og Rauð verkalýðseining báru kröfuna um lífvænleg laun fyrir dagvinnu) og kröfuna gegn heimsvaldastefnu USSR og USA. Ekki veit greinarhöfundur alveg hvernig sú krafa var orðuð en benda má á að í deild Kommúnistaflokksins í göngu Baráttueiningar og Rvei var borin krafan "Gegn útþenslu og drottnunarstefnu Sovétríkjanna" auk "Ísland úr NATO - herinn burt" og það þýðir efnislega það sama og "gegn heimsvaldastefnu risaveldanna USA og USSR". Einnig voru í sofið rótt með þessa tilkynningu undir koddanum, vitandi að nægar olíubirgðir eru til í landinu þennan "ákveðna tíma".

Sýndarleikur og eiginhagsmunapot, það var boðskapur Alþýðubandalagsins á 1. maí nú sem endranær. Því er annarra um að láta volga stóla embættismanna verma á sér rassinn en að verkalýðurinn geti lifað mannsæmandi lífi af dagvinnutekjum sínum.

Kommúnistaflokkurinn

Sú stefna Kommúnistaflokksins að vinna að sameiginlegri göngu Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar á 1. maí er framhald af langri þróun og uppgjöri við einangrunarstefnu í Eik(ml) væri enn í flokknum, hefði sú samfylking sem náðist á 1. maí ekki orðið möguleg.

Þá hefðu raddir innan flokksins rekið upp ramakvein og sagt að trotskyistar væru glæpamenn sem ekki bæri að starfa með heldur skjóta og að það væri skemmdarverkastarf sem afvegaleiddi fjöldann að starfa með samtökum og einstaklingum sem hefðu smáborgaralegan ruglanda eða endurskoðunarsinnaða afstöðu.

Sem betur fer er þessi stefna farin úr flokknum en því miður yfir til Eik(ml).

Því er einhuga afstaða Kommúnistaflokksins að á s.l.









Myndirnar fjórar eru af kröfugöngu Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar þann 1. maí 1978. Þær eru teknar á mismunandi stöðum í göngunni og sýna vel hversu mikið fjölmenni tók þar í verki afstöðu gegn auðvaldinu, stéttasamvinnunni og heimsvaldastefnunni. Því markar dagurinn tímamót.

samfylkingar, hún hefði ekki orðið möguleg ef ekki hefðu komið til stefnubreytingar hjá þeim pólitísku samtökum sem frumkvæði höfðu að henni.

Fylkingin

Fylkingin hefur undanfarin ár verið eins konar rauður hali á stéttasamvinnustefnunni. Hún hefur rekið kratíska stefnu í mörgum veigamiklum málum og haldið á lofti kjarakröfum ASÍ-forystunnar. Á 1. maí 1977 gekk hún t.d. með ASÍ og skýrði það á sinn einstaklega glögga hátt, með því að þar hefði hún fundið "stéttabaráttutendens"! Þessi viðleitni Fylkingarinnar, að hlaupa á eftir sérhverjum "stéttabaráttutendens" (hvílíkt orðskrípi) sem hún verður vör við, lýsir einkar vel hentistefnu hennar og þekkingarleysi hennar á eðli stéttasamvinnustefnunnar.

Það sýnir líka skilningsleysi Fylkingarinnar á mikilvægi samfylkingar, hve mikla áherslu hún lagði á að fá að auglýsa sjálfa sig. T.d. setti hún það sem skilyrði fyrir samfylkingunni að fá að bera 15 flokksfána og sérkröfur en um þetta voru gerðar málamiðlanir, sökum þess að Kommúnistaflokkurinn taldi að slík smáborgarasjónarmið þess að leggja allt kapp á að upphefja sjálfa sig. Afstaða Fylkingarinnar er þó engan vegin einhlít. Hentistefna hennar stafar af því að hún er að mestu samansett af skólafólki og á engar fastar rætur í verkalýðsstéttinni. Því sveiflast hún milli byltingarrómantíkur og umbótastefnu, tekur stundum framsækna afstöðu en snýst annars eins og vindmylla og er ekki á henni byggjandi. Bæði á hún það til að styðja umbótastefnu ASÍ og svo berst hún einnig gegn undanslætti þess við auðvaldið og fyrir auknu lýðræði í verkalýðshreyfingunni.

EIK(ml)

Eik(ml) fengu sér nýtt nafn í tilefni dagsins og stofnuðu til Samfylkingar 1. maí, byggða á einstaklingsgrundvelli. Samfylking setti um margt fram svipaðar kröfur og Baráttueining og Rauð verkalýðeining.

Báðar göngurnar báru kröfur gegn stéttasamvinnustefnunni, gegn allri heimsvaldastefnu (m.a. stuðning við Eritreu), kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu, jafnrétti til náms o.fl.. Eikarar báru þó tvær kröfur sem aðrir báru ekki. Það voru 150. þús. kr. lágmarkslaun, en göngu Baráttueiningar og Rvei margar kröfur gegn framferði Sovétríkjanna í A-Evrópu.

Það hefur e.t.v. verið tilgangur Eik(ml) að samfylkja fólki undir kröfur sínar án tillits til þess hvar í flokki það stæði en slíkt mistókst þeim algjörlega. Það er nefnilega ekki nóg að segja að gangan sé á einstaklingsgrundvelli, því meðan pólitísk breidd hennar spannar ekki meira en stefnuskrá Eik(ml), verða þátttakendur aðeins Eikarar og vandamenn þeirra.

Alþýðubandalagið

Alþýðubandalagið sá að vanda ekki hagsmuni verkafólks fyrir eiginhagsmunum. Þar voru kröfurnar "kjósið ekki kaupránsflokkana" og "kosningar eru kjarabarátta". Man Alþýðubandalagið ekki eftir að hafa staðið að kaupráninu er vísitölubinding launa var afnumin 1974? Árviss viðburður er að verða "mikilvæg tilkynning" frá verkalýðsforystunni á útifundinum 1. maí. Að þessu sinni lýsti Guðmundur J. Guðmundsson því yfir ábúðarmikill, að áður en atvinnurekendur ganga til hátta annað kvöld hafi þeir í höndum tilkynningu um innflutningsbann á olíu í ákveðinn tíma. Eflaust hafa atvinnurekendur

Þetta uppgjör hófst innan verkalýðsfélaganna og síðan innan annarra fjöldahreyfinga.

Það fólst í pólitískri stefnubreytingu í afstöðunni til starfsins meðal fjöldans, að læra af fjöldanum og að samfylkja fjöldanum gegn höfuðóvininum. Stefnubreytingin í þessum málum á sér orsök: Aukna þekkingu félaganna á fræðikenningu marxismans-lenínismans, sem tengist aukinni reynslu þeirra og aukinni fótfestu í verkalýðsstéttinni.

Hin öra þróun Kommúnistaflokksins hefur orðið til þess að hann er fær um að leiða þá baráttu nú í ár, sem hann gat ekki leitt fyrir ári síðan.

Sá fjöldi félaga sem gengu úr Kommúnistaflokknum olli röskun á innra starfi hans og skipulagi, sem jók starfsálagið tímabundið, en hann varð líka til þess að losa flokkinn við reikanda og rugluhátt sem þeim fylgdi. Fyrir bragðið hefur Kommúnistaflokkurinn eflst pólitískt og verður æ færari í að greina vini frá óvinum, forystulið frá bandamönnum og út frá því að móta rétta línu í baráttunni gegn auðvaldinu.

Ef það lið sem gekk úr Kommúnistaflokknum og yfir 1. maí skyldi berjast gegn auðvaldinu og handbendum þess innan verkalýðshreyfingarinnar - stéttasamvinnusinnunum. Til þess skyldi samfylkja öllum þeim sem taka vildu þátt í þeirri baráttu en ekki þeim einum sem sælir væru í hjarta sínu yfir að hafa höndlað marxismannlenínismann. Það er ekki nóg að lesa sig til í fræðum hvernig greina eigi forystulið, bandamenn og óvini. Það verður líka að beita þessu í starfinu og samfylkja forystuliðinu og bandamönnunum gegn óvininum.

Um þetta hefur harðasta baráttan staðið og vegna þess hefur klofningur orðið í KSML og síðar í Kommúnistaflokknum.

Áframhaldandi starf

Líta verður á 1. maí í ár sem eitt skref í átt til víðtækari samfylkingar. Við megum ekki láta þennan árangur sem nú náðist falla niður, heldur halda starfinu áfram. Undanfarin ár hefur ríkt sundrung á 1. maí en nú í ár náðist samstaða meðal þeirra sem þegar hafa tekið róttæka afstöðu.

Næsta ár verður einnig að fylkja liði með þeim sem ekki

Framhald á síðu 2

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum
RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Jens Kristján Guð:

Rokk: Vopn gegn kynþáttkúgun og fasisma

Lengi vel sáu stærstu erlendu tónlistarblöðin ekki ástæðu til að skýra frá útisamkomum kommúnista. Ekki hafa þessi íhaldssömu blöð heldur haft orð á sér fyrir áhuga á viðtölum við tónlistarfólk sem er hliðhollt kommúnistum. Nú virðist hinsvegar breytinga að vænta í þá átt. Blöð á borð við New Musical Express, Melody Maker og Sounds hafa reyndar þegar tekið stórum framförum í þessa átt. Það er þó ekki vegna þess að kommúnistar hafi yfirtekið þessi íhaldssömu blöð, heldur eru fréttir af útisamkomum kommúnista og viðtöl við kommúnískt listafólk orðið söluvara í Bretlandi þetta er afleiðing gróðrabrasks óprúttins bresks kaupahéðins, Malcolm McLarens. Auk þess að reka verslunina Sex braskaði McLaren með skemmtikrafta. Hann hafði gert margar misheppnaðar tilraunir til að tengja saman gróða þessara fyrirtækja sinna þegar hann datt niður á uppskriftina, sem leiddi (óvart) til áðurnefndra breytinga. Hann fékk fjóra alræmda "vandræðadrengi" úr fátækrahverfum London til að stofna hljómsveitina Sex Pistols árið 1975. Þessir strákar voru í hópi þeirra 1400 þúsund englendinga sem þekkja ekkert annað en atvinnuleysi og það sem því fylgir; ofbeldi, fátækt, lífsleiða, eiturlyf, eymd og brjálæði. Enda gekk McLaren illa að semja við þá. Þeir höfðu viðbjóð á honum eins og öllu öðru og sögðu honum það hvenær sem var á milli þess sem þeir hræktu á hann og fylgisveina hans. En þá langaði til að stofna hljómsveit og spila inn á plötur. Til þess skorti þá peninga og kunnáttu í hljóðfæraleik. McLaren hafði peningana og hann keypti þá fyrir "græjur" og viðtal í sjónvarpsþætti. Í þættinum höguðu þeir sér eins og heima hjá sér. Áhorfendurnir brugðust við eins og McLaren ætlaðist til. Hneykslaðar húsmæður auglýstu

Sex Pistols næstu vikurnar með daglegum kvörtunum yfir því að þessum villimönnum skyldi hafa verið hleypt inn í sjónvarpsþátt þar sem "eðlilegt" fólk "þurfti" að verða vitni að "villimennskunni". Kunnáttuleysi Sex Pistols félaganna í hljóðfæraleik var ekki því til fyrirstöðu að þeir spiluðu inn á plötu, sem skyldi ná metsölu. Til þess þurfti einungis að yrkja níð um breskt stjórnarfar og drottninguna. Allt fór eftir áætlun og platan var bönnuð í Bretlandi. Þó hún væri ekki seld nema í smásjoppum þá varð hún metsöluplata. Unglingar með svipaða fortíð og Sex Pistols o. fl. fundu sig vel í grófu, kraftmiklu, illa spiluðu rokkinu og barnalega lélegum textunum, sem spegluðu hatur á öllum og öllu. Nú byrjaði McLaren að græða fyrir alvöru á þessum óreyndu og fávísu uppreisnarmönnum. Óneitanlega minnir brask hans á danska auðvaldið þegar það er að halda sýningu á grænlendingum. Það sem McLaren gerði var að hann dró fjóra alræmda "vandræðastráka" fram fyrir almenning og fyrir það græddi hann milljarða. Hann notaði þá eins og hverja aðra sýningargripi. Verslun sína Sex, fyllti hann af fatagörmum svipuðum þeim sem Sex Pistols gengu í, gauðrifnum, samannældum, snjáðum og illa sniðnum. Kapitalistar á borð við McLaren voru ekki lengi að taka við sér og hljómsveitir svipaðar Sex Pistols spruttu upp eins og gorkúlur. Rifin, snjáð og illa sniðin föt komust í tísku ásamt öryggisnælum o. fl. sem ræflunum fylgdi. Nú þótti áður hneykskluðum smáborgurunum allt í einu fínt að líta út eins og ræflar. Tónlistarblöðin seldust grimmt út á viðtöl við ræflana og greinar um þá. Þar var reynt að sýna fram á að þetta væri svo heimskt og ofbeldissinnað villifólk að það ætti ekki annað skilið en atvinnuleysið, fátæktina, lífsleiðann og eymdina. Auðvitað "gleymdu" blöðin að útskýra hvers vegna ræflarnir hefðu orðið að þessum "villimönnum" Þetta voru semsagt ekki fórnarlömb rotins auðvaldsþjóðfélags, heldur fórnarlömb heimsku og "villimennsku" sjálfs síns. Spyrjendum fjölmiðlanna tókst lengi vel að hafa ræflana að algjörum fíflum. Fjölmiðlarnir veltu sér upp úr sóðalegu orðbragði ræflanna og hatri þeirra á öllu. Ræflarnir, sem ekki höfðu vanist öðru en að rífa kjaft við alla og að allir rifu kjaft við þá vöruðu sig ekki á því hve auðvelt er að hagræða öllu sem þeir sögðu svo það liti "betur" út á prenti. Þannig urðu margir ræflanna að harðvítugum "anarkistum" án þess að svo mikið sem vita hvaða munur er á Kommúnistaávarpinu og stefnuskrá breska íhaldsflokk sins.

Áhrifamáttur ræflanna var enginn nema á fatatískuna og svo virtist sem ræflatískan myndi líða undir lok eins og hver önnur loftbóla án nokkurra annarra áhrifa. En s.l. haust kom upp staða sem gjörbreytti áhrifamætti ræflanna. Ræflahljómsveitin Tom Robinson Band lék inn á sína fyrstu plötu. Þessi plata fór beint í fyrsta sæti breska vinsældarlistans. Sölunnar vegna kepptust fjölmiðlarnir við að ná viðtölum við þessa nývinsælu ræfla. En þá snerust hlutföllin við. Forsvarsmaður hljómsveitarinnar, Tom Robinson, reyndist vera mikið gáfaðri, fróðari, rökvísari og kurteisari en spyrjendurnir áttu að venjast. Það var sama hvað hann var spurður bjánalegra spurninga í von um bjánaleg svör sem hægt væri að "hagræða". Tom stóð ætíð eftir með pálmann í höndunum en spyrjendurnir bölvuðu sjálfum sér fyrir að láta strákræfil hafa þá að algjörum fíflum. Fyrir þessa frammistöðu hlaut Tom geysimikla virðingu bæði frá ræflum, öðru tónlistarfólki, fjölmiðlum og almenningi. Tom var ekki lengi að virkja þessa aðstöðu sína í þágu sósíalismans. Fram að þessu átti kynþáttahatur greiðan aðgang að ræflunum vegna hins gífurlega atvinnuleysis í Bretlandi. Auðvaldið reyndi með nokkrum árangri að koma því inn hjá fólki að það væri næg atvinna fyrir "hreinræktaða" breta. "Litað" og "blandað" fólk eyðileggði það bara með því að taka vinnuna frá þeim. Þennan hugsunarhátt leggur Tom nú aðaláhersluna á að uppræta. Til þess notar hann fjöldahreyfinguna Rock Against Racism (Rokk gegn kynþáttastefnu). Með Tom Robinson Band í fararbroddi hefur þessi hreyfing haldið nokkrar samkomur að undanförnu við geysigóðar undirtektir og aðsókn. Dagskráin fer aðallega fram í gegnum tónlist. Þar syngur Tom og félagar hans um að atvinnuleysið og fátæktin sé afleiðing rotins auðvaldsþjóðfélags en ekki vegna þess að "litað" og "blandað" fólk sé í landinu. Vegna vinsælda Tom Robinsons er ætíð skýrt frá samkomum þessum í tónlistarblöðunum bresku. Ræflahljómsveitir sækjast eftir því að vera meðlimir í R.A.R. og spila á samkomunum. Svertingjar frá Jamaica hafa ætíð verið kúgaður og einangraður hópur í Bretlandi vegna hörundslitar, vinstri sinnaðra trúarbragða (Rastafarían) o. fl. R.A.R. hefur gefið þeim byr undir báða vængi. Jamaiska tónlistin, "reggae", var reyndar á uppleið vegna stöðnunar rokksins, en R.A.R. hefur haft geysimikið að segja upp á vinsældir þessarar sérstæðu tónlistar. Hver "reggae"-hljómsveitin á fætur annarri fær nú sitt stóra tækifæri á R.A.R. samkomum. Margra ára gamlar sósíalistahljómsveitir á borð við framúrstefnuhljómsveitina Henry Cow og Mike Westbrook starfa af miklum krafti með R.A.R. Þetta hefur leitt til þess að t.d. Henry Cow, sem átti einungis fylgi sínu að fagna innan mjög þröngs hóps róttæklinga, er nú orðin vel þekkt meðal breskra unglinga. Auk þess að vera aðal driffjöður R.A.R. leiðir Tom Robinson aðra hreyfingu ekki síður merkilega, Anti Nazi League. Hlutverk hennar er að afhjúpa og berjast gegn versta afturhaldi Bretlands, National Front (breski fasistaflokkurinn). A.N.L. starfar á svipaðan hátt og R.A.R. Áhrifamáttur þeirra er ekki minni en R.A.R. nema síður sé. T.d. skartaði ein vinsælasta ræflahljómsveit breta, The Clash, merki National Front á fötum sínum fyrir nokkrum mánuðum. Nú eru meðlimir The Clash virkir meðlimir í A.N.L. og bera barmmerki félagsins og einnig R.A.R. Gamlar rótgrónar rokkhljómsveitir á borð við Queen og Thin Lizzy láta frá sér stuðningsyfirlýsingar við A.N.L. og R.A.R. Hin ýmsu hægri samtök og breski vinsældarlistinn hafa ekki farið varhluta af þessum jákvæðu framförum í hugsunarhætti unga fólksins. Lög eins og "Ku Klux Klan", "Black Foundation Dub" "Children Of The Ghetto", "Sons Of Slaves", "National Front", "Wake Up" o.m.fl. sjást nú æ oftar á vinsældarlistum á kostnað innantómra ástarvellna. Bresku tónlistarblöðin leggja heilu forsíðurnar auk allt upp í 8 heilsíður í einu og sama eintakinu undir fréttir af starfi og árangri A.N.L. og R.A.R. Enda þykir ekki mikið þó 15000 manns sæki eina samkomu þessara samtaka. Aðgangurinn er ætíð ókeypis og allir skemmtikraftar gefa vinnu sína. Tom Robinson og félagar eru að sjálfsögðu ánægðir með árangurinn og láta sig engu skipta hótunarbréfin sem til þeirra streyma frá örvæntingarfullum hægri sinnum. Um mánaðarmótin júlí/ágúst í sumar halda alþjóðasamtök ungkommúnista geisimikið mót á Kúbu.

Framhald á síðu 2



Myndin er frá mótmælaaðgerðum gegn ný-nasistum í Bretlandi sem hin nýuppkomna rokkhreyfing stóð fyrir. Þátttakendur voru um það bil 80.000 manns, svo hér er greinilega um öfluga fjöldahreyfingu að ræða.





Hér sést fyrrverandi meðlimur hljómsveitatinnar Sex Pistols í þögulli mótmælastöðu fyrir framan aðalstöðvar National Front ásamt meðlimum úr ræflahljómsveitinni Clash og "reggae"-hljómsveitinni Steel Pulse.

Eru kosningar kjarabarátta? Dufþakur

Eitt helsta slagorð Alþýðubandalagsins fyrir alþingiskosningarnar nú er: Kosningar eru kjarabarátta.

Þarna er þessi flokkur sem telur sig sósíalískan og (væntanlega) marxískan líka kominn í mótsögn við þá miklu leiðtoga, er sköpu sósíalismanum vísindalegan grundvöll. Engels heldur því t.a.m. fram, að almennur kosningaréttur sé ekkert annað en drottnunartæki borgarastéttarinnar. Orðrétt segir hann ennfremur: "Almennur kosningaréttur er mælikvarði á þroska verkalýðsins. Meira getur hann aldrei orðið og verður aldrei í nútíma ríki".

En Alþýðubandalagið er fyrir löngu búið að "endurskoða" marxismann og hafna öllum grundvallaratriðum í baráttunni fyrir sósíalísku þjóðfélagi. Það einbeitir sér nú að kosningum öðru fremur og það er engin ný bóla, að þessi yfirlýsti verkalýðsflokkur notfæri sér óánægju vinnandi fólks til atkvæðasmölunar.

Enda gerir flokkurinn og fulltrúar hans innan verkalýðshreyfingarinnar lítið af því að virkja fólk til raunverulegrar baráttu fyrir hagsmunum sínum. Hvatningin er einvörðungu fólgin í því, að settur sé kross við réttan bókstaf á kjördegi.

Lítum nú á nokkur dæmi þess, hvernig Alþýðubandalagsíhaldið hyggst notfæra sér óánægju verkafólks með efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Einn þingmanna flokksins, Svava Jakobsdóttir rithöfundur, skrifar grein í Þjóðviljann 23.4. sem ber nafnið: Launafólk ræður hvort léttir til. Fljótt á litið mætti ætla, að hér væri um að ræða hvatningu til launafólks að treysta samstöðu sína og baráttuvilja. En því er nú ekki að heilsa. Greininni lýkur nefnilega á þessari fleygu setningu: "Launafólk í landinu ræður því með atkvæði sínu í næstu kosningum hvort léttir til".

Það er sem sagt atkvæðið sem skiptir sköpum í verkalýðsbaráttunni í dag. Dagsbrúnarformaðurinn og þingmaðurinn, Eðvarð Sigurðsson, lýsir þessu annars mjög vel í viðtali við Þjóðviljann 30.4.: "Kjörseðillinn er því nú biturt vopn í höndum alls launafólks í hagsmunabaráttunni".

Þjóðviljinn og margir forystumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa nú undanfarið háldið mjög á lofti þeirri kenningu, að verkalýðshreyfingin sé faglega sterk en skorti pólitískan styrkleika til að standa vörð um ávinninga kjarasamninganna. Þessa pólitísku forystu beri að efla með því að veita Alþýðubandalaginu brautargengi í komandi kosningum. Það er rétt að það skortir mjög á pólitískan þroska hjá íslenskum verkalýð, en spurningin er hvort verkalýðshreyfingin sé faglega sterk nema fyrir hendi sé mjög góð samstaða þorra verkafólks og mikill baráttuvilji, auk náinna tengsla forystunnar og fjöldans. Við vitum að á þetta skortir mjög.

Það sýndi sig í verkfallinu 1. og 2. mars. Margt verkafólk treystir ekki forystu sinni vegna þess að hún hirðir lítt um að hlýða á skoðanir hins almenna félagsmanns. Það er heldur enginn pólitískur sigur fyrir verkalýðinn hvort hann fær fleiri slíka fulltrúa inn á Alþingi.

Nei það er eins og Friðrik Engels sagði: "Almennur kosningaréttur getur aldrei orðið annað en mælikvarði á þroska verkalýðsstéttarinnar".

Kristján Guðlaugsson skrifar frá Lundi

Lifandi atkvæði eða dauð

Senn líður að kosningum og margir eflaust farnir að skoða hug sinn rækilega fyrir þessa atburði. Það er orðið harla langt síðan önnur eins óreiða hefur ríkt í framboði til alþingiskosninga, en áratugum saman hefur hlutfallstala flokkanna lítið raskast og lítið hefur verið um framboð annara en hinna hefðbundnu þingflokka. En í kjölfar efnahagsörðugleikanna hefur fylgt stjórnmálaleg kreppa í nær öllum flokkum. Sjálfstæðismenn sem árum saman hafa gumað sig af því hversu fjármagnið heldur flokknum saman og hæðast að sundrungu "vinstri" manna, eru nú komnir í hár saman. Smá hagsmunaklíkur eins og Stjórnmálaflokkurinn og "lýðræðissinnaðir sjálfstæðismenn" í Kópavogi, eru glöggt merki um upplausnina sem er að hefjast í herbúðunum þeim. Og ekki eru viðsjárnar minni í röðum framsóknar eða kratanna, hvort sem er í Alþýðuflokknum eða Alþýðubandalaginu.

Verður stuðst við sömu rökleysuna nú?

Það er háttur þeirra stjórnmálaflokka, sem fastir eru orðnir í sessi á þingi og gamalgrónir eins og skófir utan a ríkisbákninu, að kalla það "dauð atkvæði" er greidd eru atkvæði með nýjum flokkum eða stefnum. Þingflokkarnir njóta allir ríkisstuðnings og hafa geysileg forréttindi til framboðsstarfa, ef miðað er við ný framboð til þings. Forréttindi þingflokkanna helgast af setu þeirra sjálfra í þeim ríkisnefndum sem ákvarðanir taka um fjárveitingar til stjórnmálaflokka, kosningalöggjöf og aðgang að fjölmiðlum í áróðursskyni. Sannast þar hið fornkveðna, að þröngt megi sáttir sitja, því gagnvart hugsanlegum meðkeppendum á vettvangi stjórnmálanna standa þingflokkarnir saman sem einn. Það hefur einkum fallið í hlut Alþýðubandalagsins að tönglast á rökleysunni um "dauð atkvæði" vegna þess að ný framboð voru í síðustu kosningum helst "vinstri" framboð. En sé hugað að merkingu þessa orðatiltækis, verður hverjum manni fullskjótt ljós hvað að baki þeim býr. Atkvæði sem falla á aðra vinstri aðila en Alþýðubandalagið eru því sjálfu dauð, þau verða ekki til þess að breikka rass bandalagsins á Alþingi. Nú er hins vegar fullvíst, að fleiri raddir munu bætast í þennan átakanlega söng um "dauðu atkvæðin" þegar líður nær kosningum. Það er svo annað mál, að Alþýðubandalagið hefur aldrei svo vitað sé talið það "dauð atkvæði" sem falla á Sjálfstæðisflokkinn eða aðra þingflokka. Enda líta ýmsir forystumenn Alþýðubandalagsins vafalaust svo á, að þessi atkvæði falli innan fjölskyldunnar og séu þess vegna engum dauð. Enda hafa þeir fljótfærustu og grunnhyggnustu í hópi forystusauða bandalagsins gloprað því út úr sér sem alls ekki átti að segja fyrir kosningar, að Bandalagið hygðist gera hosur sínar grænar fyrir NATO-Geira í nýrri Nýsköpunarstjórn.

Þetta hefur að vonum valdið nokkurri taugaveiklun meðal ábyrgra forystumanna Bandalagsins og formaðurinn sjálfur hefur borið þessar hugmyndir til baka með varfærni. Ástand Alþýðubandalagsins minnir nú einna helst á baðferðir bræðranna þjóðkunnu á Bakka, sem ekki gátu staðið upp úr læknum, vegna þess að þeir vissu ekki hverjar lappirnar væru undir þeim. Hefur Bandalaginu því ekki tekist að koma framboðslista á legg í Reykjavík þegar þessi orð eru skrifuð og sjálfsagt áhöld um það á hverju skuli standa í kosningunum.

Lifandi atkvæði og dauð.

Hvernig sem framboðslisti Alþýðubandalagsins lítur út þegar upp er staðið úr lækn- um, geta lesendur Stéttabaráttunnar verið öruggir um það, að verið er að æfa sönginn um "dauðu atkvæðin" einhvers staðar í kyrrþey. Má mikið vera ef Þjóðviljinn getur orða bundist öllu lengur en til maíloka og yrði það að teljast hófsemi og mikil stilling. En þegar upp úr verður kveðið um lifandi atkvæði og dauð, spyr ég þjóðkunna ritsnillinga Þjóðviljans þess eins, hverjum atkvæðin eru dauð eða lifandi. Málið er nefnilega þannig vaxið, að pólitísk meðvitund íslenskrar alþýðu hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum og minna gagnar að draga fram óskilgreindar fullyrðingar eða innihaldslaus kosningaloforð nú en áður. Hafi ritstjórn Þjóðviljans yfirsést þetta á það sér eðlilega skýringu í þeirri andans lognmollu og kyrrstöðu sem ríkir þar innan veggja. Eru þau atkvæði sem greidd eru gegn NATO og hernum dauð eða lifandi? Eða þau sem greidd eru gegn stéttsvikum ASÍ-forystunnar? Eru þau atkvæði dauð eða lifandi sem greidd eru baráttunni gegn árásum ríkisvalds og atvinnurekenda á lýðræðisleg réttindi lýðsins? Eða þau sem greidd eru styttingu vinnudagsins?

Má vera að forystumenn Alþýðubandalagsins hafi aldrei hugsað málin svona, enda vanir því um langan aldur að smala atkvæðum sínum út á litarraft, málfar eða hárgreiðslu frambjóðenda sinna.



Kristján Guðlaugsson 5. maður á lista Kommúnistaflokksins til Alþingiskosninganna.

Má vera að þeir líti atkvæði sem greidd eru kosningagrundvelli Kommúnistaflokksins sem dauð atkvæði, en sýnir það ekki ljóslega þá staðreynd, að hagsmunir alþýðunnar og Bandalagsforystunnar fara engan veginn saman? Það sem eru dauð atkvæði fyrir forystuna, eru lifandi atkvæði fyrir lýðinn. Og öfugt. Ég held mér sé óhætt að segja það umbúðalaust, að almennir félagar Alþýðubandalagsins eiga enga samleið með þeim pótintátum sem sóttir eru beint úr lektors- og prófessorsembættum í Háskólanum, eða skrifstofublókum verkalýðssamtakanna. Þessir menn og nótar þeirra hafa áður hreiðrað um sig í ráðherrastólunum vegna þess eins að þeiri lugu því blákalt og kinnroðalaust, að þeir ætluðu að reka NATO-herinn á brott á stjórnartíma sínum. Hvers vegna skyldu þessir menn breyta um stefnu, hvað ætti að hafa skafið af þeim hugleysið, hrokann og metorðagirndina, sem þeir hafa ávallt tekið fram yfir hagsmuni fjöldans? Ég held að þeir hafi ekkert breyst.

Vilji menn greiða atkvæði lifandi stefnugrundvelli og lifandi fólki en ekki rykföllnum hálfkrötum, eiga þeir að styðja framboð Kommúnistaflokksins.

RAUÐA HERDEILDIN STYÐUR FASISMANN

Framhald af baksíðu

vinstri stúdenta og kúgaðra hópa beitir lögreglan stöðugt harkalegri aðgerðum en slíkt verður hún að réttlæta á einhvern hátt.

Starfsemi svonefndrar rauðu herdeildar gefur lögreglunni og yfirvöldum á Ítalíu kærkomið tækifæri til að réttlæta og herða ofsóknir sínar á hendur þeim sem breyta vilja og bylta auðvaldsþjóðfélaginu.

Og þetta á ekki eingöngu við um Ítalíu heldur út um allan auðvaldsheiminn.

Eðli lögreglunnar í auðvaldsríkjunum er að vernda einkaeign atvinnurekenda á framleiðslutækjunum og því þjóna harðari aðgerðir gegn baráttusinnuðu alþýðufólki, þegar allt kemur til alls, auðvaldinu og sérstaklega einokunarauðvaldinu. Og þá er komið að því hvort rauða herdeildin sé ekki í raun og veru kostuð og skipulögð af auðjöfrum Ítalíu, rétt eins og þeir höfðu fasistaflokk Mussolínis undir arminum. Lítið þarf að gera annað en skipta á orðunum rauð herdeild og setja í þeirra stað orðin brún eða svört herdeild og þá er hægt að fullyrða svo allir skylji að hér sé um fasistasveit að ræða. Svo skýr er samlíkingin.

Árásir íslenska íhaldsins.

Á fjórða áratugnum var til flokkur á Íslandi er nefndist Þjóðernissinnaflokkurinn og var hann í góðu sambandi við Sjálfstæðisflokkinn m.a. í kosningabandalagi. Þessi flokkur hafði hakakross að flokksmerki og starfaði í anda Hitlers og Nasista-Þýskalands Þegar hann var svo lagður niður gengu félagar hans inn í Sjálfstæðisflokkinn flestir. Er þetta aðeins lítið dæmi um eðli þess íhaldsflokks sem nefndur er Sjálfstæðisflokkur og er rekinn af atvinnurekendum. Ein klíkan innan þessa flokks, svonefnd flokkseigendaklíka gefur út dagblað sem nefnt er Morgunblaðið og er svo afturhaldssinnað að leitun er að öðru eins. Í leiðara þessa blaðs þann 11. maí, er fullyrt að rauða herdeildin sé marxísk og það skýrir blaðið auðvitað ekkert nánar. Þannig sést vel hverjum rauða herdeildin á Ítalíu þjónar. Hér uppi á Íslandi veitir hún málgagni einokunarauðvaldsins tækifæri á því að ráðast, með lygum auðvitað, gegn marxistum. Og slíkar árásir geta verið undirbúningur og plæging jarðvegsins fyrir aðrar og meiri.

Snúum vopnunum við í höndum andstæðinga okkar.

Út um allan heim hafa samtök verkalýðsins fordæmt svonefnda rauðu herdeild. Alþýðan rís upp og sýnir skýrt og greinilega andúð sína á vinnubrögðum þessara fasista eins og hún hefur alltaf gert.

Slíkar hermdarverkasveitir þjóna ekki hagsmunum verkalýðsins og því snýst hann gegn þeim og öðrum sem hag hafa af slíkum sveitum. Auðvaldið beitir þeim í þágu sinna pólitísku hagsmuna og það eitt hefur hagnast á tilvist glæpasveitarinnar.

Af því leiðir að sú fjöldaandstaða sem skapast hefur út um heim, þarf að snúast gegn auðvaldinu hver í sínu landi. Auðvaldsskipulagið er orsök hermdarverkasveitanna og afleiðing þeirra er að hagur auðvaldsins styrkist.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN 16.5. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

Alþýðublaðið á undanhaldi

Óskabarn alþýðunnar sem áður var, Alþýðublaðið, er það hóf göngu sína árið 1919, er nú á hröðu undanhaldi sem pólitískt afl í þjóðfélaginu.

Starfsfólki blaðsins getur Alþýðuflokkurinn ekki borgað út samkvæmt því sem um er samið og þar með tekst krötunum ekki að unga út málgagni sínu daglega eins og verið hefur, heldur eru allar líkur á auknum samdrætti í rekstri blaðsins og að það verði gert að vikublaði. Á fyrstu áratugum Alþýðublaðsins kenndi það sig við marxisma og rak í höfuðatriðum svipaða pólitík og Þjóðviljinn gerir í dag þ.e. um draumsýn lýðræðislegs sósíalisma sem svo ekkert er skýrður nánar (ekki minnst á að svipta eigi atvinnurekendur einkaeign sinni á atvinnutækjunum né að þeir missi spón úr aski sínum svo nokkru nemi).

Alþýðuflokkurinn er lagstur flatur í stéttasamvinnustefnu, pólitík hans er þynnt út og því fylgir hrörnun. Íhaldið virðist nú ekki lengur hafa hag af að halda lífi í og verndarhendi yfir flokknum. Það hefur nú séð til þess skjótlega gegn um löggjafarvaldið að hinn deyjandi krataflokkur fær ekki sitt lifibrauð erlendis frá, Vísisauðvaldið sem að miklu leyti fjármagnaði Alþýðublaðið, hefur nú snúið við því baki, Morgunblaðið skrifar orðið gegn krötunum og það er af sem áður var þegar íhaldið fórnaði nokkur hundruð atkvæða á kratana til að halda þeim inni á þingi. Það ástand sem nú hefur skapast er að íhaldið er orðið hrætt um að missa atkvæði yfir til Alþýðuflokksins og það mörg að það skerði stöðu þess á þingi.

En hvað sem öðru líður er ljóst að forsprakkar Alþýðuflokksins hafa metið ofar sín eigin efnalegu lífskjör og velystingar en það að gefa út blað sem stendur undir nafni.



Frá fjöldamótmælum vegna mannránsins og morðsins á fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, Aldo Moro.

Rauða herdeildin styður fasismann

Málefni Ítalíu hafa verið hvað efst á baugi undanfarið í heimspressunni. Enda hafa átt sér þar stað róstur sem eiga sér nokkra sérstöðu frá því sem áður þekkist, en eru þó aðeins ný birtingarmynd stéttaátakanna þar í landi.

Pólitískir glæpamenn sem kenna sig við hinn rauða lit verkalýðsbyltingarinnar hafa framið mannrán og morð á leiðtoga Kristilega demokrataflokksins, Aldo Moro. Þeir atburðir varða ekki eingöngu innanlandsmál á Ítalíu heldur setja þeir mark sitt á stéttaátök víða um heim. Í því ljósi ber að skoða atburðina á Ítalíu um leið og metnar eru orsakirnar og afleiðingarnar.

Ein mikilvæg söguleg staðreynd.

Á þriðja, fjórða og fram á fimmta áratug þessarar aldar blómstraði fasisminn á Ítalíu rétt eins og nasisminn í Þýskalandi. Fasisminn er nakið ofbeldis-og drottnunartæki borgarastéttarinnar, þar sem lýðræðisdulan sviptist af henni. Borgarastéttin ríkir í krafti einkaeignar sinnar yfir framleiðslutækjum þjóðfélagsins, en sú eign hleður upp í hendur hennar auðæfum og þeim fylgja völdin.

Eftir ósigur nasismans og fasismans á Ítalíu og í Þýskalandi réðu borgarastéttir Bandaríkjanna, Breta og Frakka, örlögum þjóðskipulaganna á Ítalíu og í V-Þýskalandi. Niðurstaðan varð sú að borgarastéttir Þýskalands og Ítalíu, sem áttu stærstu sökina á síðari heimstyrjöldinni, voru ekki sviptar einkaeign sinni á framleiðslutækjunum og þar með ekki auði og völdum. Það táknar að sömu stéttir og arftakar þeirra sitja í dag að völdum í þessum tveimur ríkjum. Og auk þess eru þær í hernaðarbandalaginu NATO. Eðli auðvaldsríkjanna hefur ekki breyst frá því sem var á tímum nasismans og fasismans.

Ástand dagsins í dag.

Ítalía er í dag land harðra stéttaátaka. Þar hafa undanfarið átt sér stað hörð verkföll, uppreisnir og óeirðir.

Til að bæla niður uppþot verkafólks, byltingarflokka,

Framhald á síðu 5

Hverju ræður Alþingi?



Framhald af forsíðu

mun ekki komast á fyrr en verkalýðstéttin og önnur vinnandi alþýða, afnemur það auðvaldsskipulag, er við búum við. Því er það fásinna að trúa kosningaskrumii Alþýðubandalagsforingjanna um að Alþingi sé æðsta valdastofnun þjóðarinnar.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn sátu saman í ríkisstjórn árin eftir seinni heimstyrjöldina, lét síðarnefndi flokkurinn samþykkja mörg ágæt lög er áttu að vernda hlut alþýðunnar fyrir húsnæðisokrurum og öðrum bröskurum. Ekki var um framfylgd laganna að ræða enda vildu braskararnir ekki missa spón úr aski sínum með því að láta lög Alþingis gilda. Flest þessi lög voru svo numin úr gildi er Nýsköpunarstjórnin var liðin undir lok. En þau lög er sú stjórn setti til að styðja við bakið á auðmönnum er vantaði fjármagn til að kaupa á atvinnutækjum voru framkvæmd. Það voru lög eru komu auðvaldinu til góða, og verkalýðurinn fékk tækifæri á að þræla fyrir arðræningjanna myrkrana á milli Það hét á máli falssósíalistanna er sátu að kjötkötlum borgarastéttarinnar, að nýskapa atvinnulífið, þjóðinni til heilla. En hvað bar verkafólk úr býtum, miðað við arðræningjana?

Allar líkur eru nú á því að eftir næstu kosningar muni Alþýðubandalagið reyna allt það sem það getur til að komast í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Gömlu vígorðin frá tíma Nýsköpunarstjórnarinnar verða dregin fram í dagsljósið. Okkur verður sagt að ekki verði hægt að tryggja snuðrulausan rekstur auðvaldsbúskaparins nema með þátttöku forystumanna launafólks til að tryggja frið og frelsi fyrir arðrán og einkaframtak. Þannig eru allir krataforingjar, þeirra æðsta takmark er að komast í bittlinga og áhrifastöður í þjóðfélagi auðvaldsins. Allt tal um að afnema það með verkalýðsbyltingu er bara "bja".

-bsk

Af verkunum skulum við dæma þá

Senn líður að kosningum til borgar-bæja-og sveitastjórna, og síðast en ekki síst til Alþingis. Þessir atburðir setja nú hvað mestan svip á þjóðlífið og hver pólitíkusinn keppist nú við annan þveran við að sýna og reyna að sanna að hann og hans flokksklíka séu verðugastir til að hreppa bitling og það stóran. Eiginhagur örfárra manna er hiklaust látinn sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum verkalýðsins og annarrar vinnandi alþýðu.

Væntanlegar kosningar hafa sett og setja mjög svip á starfsemi verkalýðsforystunnar og einkum afstöðu hennar til lýðræðisins innan verkalýðshreyfingarinnar. Flestir forystumenn ASÍ, BSRB og stærstu verkalýðsfélaga landsins, stritast nú til metorða upp eftir mismunandi leiðum, sumir klífa Sjálfstæðisflokkinn, aðrir Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkinn o.s.frv..

Eftir að kjararánslögunum var skellt á, af erindrekum atvinnurekenda úr Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, hefur áróður og starfshættir hinnar uppkeyptu forystu verksfólks verið á einn veg. Talsmátinn hefur verið "kjósið ekki kauprænsflokkana' kjósið heldur x-G eða x-A, því það eitt getur rétt við "þjóðarbúskapinn". Starfshættirnir hafa verið nær máttlausar vinnustöðvanir, nær engar lýðræðislegar ákvarðanatektir í verkalýðsfélögunum, nær engir félagsfundir, svikin fyrirheit og jafnvel heiftúðugar árásir á það fólk sem vill harðari og virkari aðgerðir gegn auðvaldinu. Og þessu hafa verkalýðsforingjar "stjórnarandstöðu"flokkanna staðið fyrir. Þeirra andstaða við íhaldið og framsókn er fólgin í því að vilja hrekja þá úr djúpustu stólunum og frá stærstu kjötkötlunum og fá að setjast þar sjálfir að snæðingi.

Í stað þess að hefja tafarlaust baráttu gegn auðvaldinu og fulltrúum þess á þingi, með þeim krafti sem hinum vinnandi fjölda er einum eiginlegur, reynir uppkeypta verkalýðsforystan og "stjórnarandstaðan" að notfæra sér það ástand sem skapast hefur í stéttabaráttunni. Hún lætur líta svo út sem hún sé haldin einlægum vilja til að hrinda ólögunum og ætlar sér að knýja út á það atkvæði þeirra sem ólögin hrjá þ.e. hinna vinnandi stétta. En verkin tala sínu máli, þau sanna það og sýna hvort um lýðskrum er að ræða eða raunverulegan vilja til að losa alþýðuna af klafa auðvaldsskipulagsins.

Í stuttu máli starfar verkalýðsforystan á þann veg að hún heldur með sér fámenna fundi, ræðir um hvað séu heppilegastar aðgerðir með tilliti til afkomu atvinnurekstrar atvinnurekenda, síðan eru verkafólki kynntar niðurstöðurnar, og atvinnurekendum með hæfilegum fyrirvara svo þeir séu nú vel viðbúnir þegar aðgerðirnar hefjast, aðgerðinni er hrint í framkvæmd, þýðingarlítil langdregin fundahöld milli atvinnurekenda og verkalýðsforystunnar, verkafólk fær lítið sem ekkert að vita hvað gerist á þeim fundum, fyrr en loks niðurstöður liggja fyrir og þá eru þær kynntar stuttaralega á einum fundi og knúðar til samþykktar af verkalýðsforystunni. Á ári hverju eru haldnir frá 3 til 5 félagsfundir og segir það nokkuð til um hversu mikið lýðræði og virkni almennra félagsmanna ríkir í verkalýðsfélögunum.

Af verkunum skulum við dæma þessa "velbergklifrendur" þjóðfélagsins, með verk þeirra í huga skulum við ganga til kosninga og þá staðreynd að frelsun verkalýðsstéttarinnar, sem þýðir um leið frelsi mannkynsins, verður að vera verk hennar sjálfrar. Allt tal framagosanna um að þeir komi til með að leiða alsæld yfir stéttaþjóðfélagið er lýðskrum, blekkjandi og hættulegt. Þeir tala um samstöðu en sú samstaða er fólg-

Framhald á síðu 2